

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um íbúðarhúsnæði í Reykjavík.

Frá Hönnu Katrínu Friðriksson.

- Hversu mikið af íbúðarhúsnæði í Reykjavík er í eigu einstaklinga? Svar óskast sundurgreint eftir póstnúmerum í þrjá flokka eftir fjölda eigna á hvern einstakling: ein eign, tvær eignir eða fleiri.
- Hversu mikið af íbúðarhúsnæði í Reykjavík er í eigu lögaðila? Svar óskast sundurgreint eftir póstnúmerum í þrjá flokka eftir fjölda eigna á hvern aðila: ein eign, tvær eignir eða fleiri.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspyrjandi vonast til að ráðherra geti unnið svarið samhliða svari við fyrirspurn á þingskjali 512 sem dreift var 15. nóvember síðastliðinn (437. mál). Áréttað skal að með hugtakinu íbúðarhúsnæði er átt við stakar íbúðareignir í fjölbýli, raðhús og einbýlishús.